

Sveitarfélagið Vogar  
löndal 2  
190 Vogum

Garðabær, 11. ágúst 2025  
202507-0129/A.B.  
08.04

## Efni: Ósk um umsögn - Framkvæmdarleyfi - Göngu- og hjóltreiddastígur Vogastapi Sveitarfélagið Vogar.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Voga er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um framkvæmdarleyfi fyrir lagningar á göngu – og hjólastíg.

Í erindinu kemur fram að Sveitarfélagið Vogar sækir um framkvæmdaleyfi fyrir um 3 km löngum göngu- og hjólastíg frá þéttbýli Voga til vesturs upp á Vogastapa til móts við mislæg gatnamót Reykjanesbæjar og Grindavíkurvegar. Stígurinn verður malbikaður, 2,5 m að breidd og á honum verður lýsing.

### Hraun

Í erindinu kemur fram að stígurinn mun fara um hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem talðar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin við gerð framkvæmdaleyfisins og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Með greinargerð kemur fram að vakostagreining hafi verið gerð og bornir saman þrír möguleikar á fyrirhugaðari framkvæmd.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu þar sem líkur eru á að framkvæmdir raski hrauni séu verndargildi hraunasvæða metin og kortlögð og m.a. tekið

tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka og stígurinn hannaður með þeim hætti að þeim sé ekki raskað.

Auk þess bendir stofnunin á að við valkostagreiningu þá er eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Valkostagreining þyrfti að vera ítarlegri og taka tillit til nefndra þátta.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sigrún Valgarðsdóttir  
**sérfræðingur**